

**Nefndasvið Alþingis
Félags- og tryggingamálanefnd
b/t Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttir
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík**

Reykjavík, 11. nóvember 2008.

Efni: frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, og lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðasióð launa, vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði (115. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp þar sem lagðar eru til breytingar á lögum vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði.

Það er full ástæða til að hrósa félagsmálaráðuneytinu og félagsmálaráðherra fyrir frumvarp þetta þar sem það endurspeglar mikilvægan vilja þeirra til að leggja lóð sín á vogarskálarnar í baráttu íslensks viðskipta- og þjóðlífs við yfirstandandi fjármála- og gjaldeyriskreppu.

Í núverandi efnahagsumróti er afar brýnt að fyrirtæki reyni eftir fremsta megni að forðast uppsagnir, sem almennt má ætla að þau geri en í einhverjum tilvikum eru þær óumflýjanlegar. Þær breytingar sem frumvarp þetta felur í sér ættu að gera lækkun starfshlutfalls að fyrsta kosti í huga fyrirtækja þar sem þau geta nú hagrætt í rekstri og treyst rekstrargrundvöll sinn við þessar erfiðu kringumstæður, án þess að það leiði til umtalsverðs fjárhagslegs tjóns fyrir starfsmenn þeirra. Bæði fyrirtæki og einstaklingar geta þannig haldið áfram að búa til verðmæti og þar með skatttekjur fyrir ríkissjóð – sem ekki er vanþörf á í ljósi yfirvofandi hallareksturs.

Hins vegar er ljóst höfuðmarkmið hins opinbera við þessar aðstæður ætti að vera að draga úr verðbólgu og til þess þarf að grípa til afdrifaríkra aðgerða á næstunni. Niðurskurður opinberra útgjalda er staðreynd sem verður að horfast í augu við. Frumvarp þetta felur hins vegar í sér útgjaldaaukningu og fellur það því ekki vel að ofangreindu markmiði. Umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins er því miður óljós hvað þetta varðar vegna umtalsverðra óvissuþátta. Að mati Viðskiptaráðs hefði skrifstofan, einmitt vegna þessarar óvissu, þurft að taka tvenns konar dæmi, annars vegar hver útgjöld vegna frumvarpsins yrðu í besta falli og hins vegar í versta falli. Það verður hins vegar að líta til þess að frumvarpinu er ætlaður takmarkaður líftími og því ljóst að útgjaldaaukningin verður aðeins tímabundin. Í greinargerð frumvarpsins er endurskoðun gildistíma þess hins vegar ekki útilokuð. Viðskiptaráð brýnir fyrir ráðuneytinu að verði framlengt á grundvelli endurskoðunar að það sé til styttri tíma frekar en lengri.

Viðskiptaráð gerir aðeins eina efnislega athugasemd við frumvarpið og þá við það að Vinnuálastofnun sé, skv. 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins eftirlátið að meta hvort sérstakar

aðstæður á vinnumarkaði hafi ollið því að starfsmaður hafi þurft að hætta í fullu starfi hjá einum vinnuveitanda og ráða sig í hlutastarf hjá öðrum.

Hugtakið *sérstakar aðstæður á vinnumarkaði* er hvergi skilgreint í frumvarpinu. Afar ólíklegt er að Vinnumálastofnun eigi að miða við skilgreiningu svonefndra neyðarlaga nr. 128/2008 á *sérstökum og mjög óvenjulegum aðstæðum á fjármálamarkaði*, enda eru hugtök þessi ósamanburðarhæf. Þó hugtakið væri skilgreint í frumvarpinu þá er Vinnumálastofnun einfaldlega ekki í stakk búin að meta hvort rekstraraðstæður fyrirtækja væru þess eðlis að þær uppfylltu skilyrðin. Það væri jafnframt algerlega ótækt að krefja fyrirtæki eða viðkomandi launamenn að rökstyðja umsókn um atvinnuleysisbætur á grundvelli þessa, enda væri með því verið að leggja óþarfa byrðir á þá sem frumvarpið er hannað til að aðstoða. Þetta mat Vinnumálastofnunar er enn fremur til þess fallið að draga úr skilvirkni og áhrifum þeirra breytinga sem frumvarpið mælir fyrir um.

Viðskiptaráð leggur því til að breytingar frumvarpsins nái til allra lækkana á starfshlutfalli út gildistíma frumvarpsins og að mat Vinnumálastofnunar á sérstökum aðstæðum á vinnumarkaði verði fellt brott.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs